



Lúxemborg, 21. mars 2024

FRÉTTATILKYNNING 03/2024

Dómur í máli E-10/22 *Eviny AS v Eftirlitsstofnun EFTA*

ÓGILDING ÁKVÖRÐUNAR UM ENDURHEIMT ÓLÖGMÆTRAR RÍKISAÐSTOÐAR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag felldi EFTA-dómstóllinn úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (“ESA”) dags. 6. júlí 2022 um ríkisaðstoð í tengslum við götulýsingarinnviði í Björgvin (Noregi).

Í ákvörðun sinni komst ESA að þeirri niðurstöðu að ofgreitt hefði verið fyrir viðhald og rekstur og fjármagnskostnað fyrirtækja í fyrirtækjasamstæðu Eviny AS („Eviny“) í tengslum við veglýsingu innan sveitarfélagsins Björgvinjar. ESA taldi að þessi ofgreiðsla væri ólögmæt ríkisaðstoð sem samrýmdist ekki EES-samningnum. Ákvörðunin fyrirskipaði norskum yfirvöldum að taka allar nauðsynlegar ráðastafanir til að endurheimta hina ólögmætu og ósamrýmanlegu ríkisaðstoð.

Í stefnu sinni gerði Eviny kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Með annarri málsástæðu sinni, hélt Eviny því fram að verulegur annmarki væri á mati ESA þar sem ESA hefði komist að þeirri niðurstöðu að Eviny hefði hlotið efnahagslegan ávinning með ofgreiðslu. Í meginatriðum færði Eviny rök fyrir því að sönnunargögnin sem ESA hefði byggt ákvörðun sína á, hvort sem lítið væri á sönnunargögnin ein og sér eða sem heild, gæfi hvorki til kynna né gæti talist færa sönnur á ofgreiðslu fyrir rekstur og viðhald eða fjármagnskostnað. Enn fremur, vefngi Eviny nákvæmni, samræmi og áreiðanleika upplýsinga sem fengnar voru úr KOSTRA gagnagrunni Hagstofu Noregs.

Með dómi sínum taldi EFTA-dómstóllinn að upplýsingarnar úr KOSTRA gagnagrunninum, sem ákvörðunin byggði á, væru ekki áreiðanlegar sem sönnunargögn og gætu ekki fært sönnur á niðurstöður ESA. ESA hefði hvorki útskýrt nægilega af hverju ekki var tekið tillit til ákveðinna upplýsinga í mati sínu né tekið tillit til allra viðkomandi upplýsinga. Jafnframt taldi EFTA-dómstóllinn að ESA hefði ekki haft rétt á að byggja á skorti á ákveðnum upplýsingum til að styðja niðurstöður sínar, sérstaklega þar sem ESA hefði ekki beðið um þær upplýsingar þegar ESA hafði málið til meðferðar.

Að lokum taldi EFTA-dómstóllinn að sönnunargögnin sem ESA hafði byggt á í mati sínu á því hvort ráðstafanirnar sem um ræddi í málinu hefðu veitt Eviny ávinning væru ekki áreiðanleg og nákvæmni þeirra væri óviss.

Að því virtu, taldi EFTA-dómstóllinn að verulegir annmarkar hefðu verið á mati ESA um það hvort Eviny hefði hlotið ávinning og bæri því að taka kröfu Eviny til greina. Af því leiddi að ógilda yrði ákvörðunina.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: <http://www.eftacourt.int>

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.